

# Starfsreglur Fjárfestingaráðs Íslenska lífeyrissjóðsins

## 1. gr.

### Almennt

Reglur þessar eru samþykktar á stjórnarfundum Íslenska lífeyrissjóðsins. (hér eftir „sjóðurinn“) og skulu þeir sem kosnir eru til setu í Fjárfestingaráði sjóðsins undirrita reglur þessar og með því skuldbinda sig til að hlíta þeim. Fjárfestingaráð hefur það meginhlutverk að fylgjast með fjárfestingum sjóðsins og gæta hagsmuna sjóðsins gagnvart þeim aðila sem falið er að annast eignastýringu fyrir sjóðinn (hér eftir „eignastýringaraðili“).

Í Fjárfestingaráði sitja þrjú stjórnarmenn Íslenska lífeyrissjóðsins kosnir á stjórnarfundum sjóðsins. Fjárfestingaráð er kosið til eins árs í senn á fyrsta stjórnarfundum eftir reglulegan ársfund sjóðsins. Stjórn sjóðsins kys formann og ritara Fjárfestingaráðs. Formaður annast boðun fundar ráðsins í samráði við framkvæmdastjóra sjóðsins. Ritari Fjárfestingaráðs ritar fundargerðir af fundum ráðsins. Framkvæmdastjóri sjóðsins og fulltrúi eignastýringaraðila skulu jafnan sitja fundum Fjárfestingaráðs. Fjárfestingaráð getur þó ákveðið að fundar eftir atvikum án framkvæmdastjóra og fulltrúa eignastýringaraðila.

## 2. gr.

### Verksvið Fjárfestingaráðs

Fjárfestingaráð skal:

1. gera tillögur til stjórnar um breytingar á fjárfestingastefnu ef ástæða þykir til;
2. sjá til þess að stefnu sjóðsins um ábyrgar fjárfestingar sé framfylgt
3. fylgjast með viðskiptum og mögulegum hagsmunaárekstrum milli sjóðsins og eignastýringaraðila og upplýsa stjórn sjóðsins eftir atvikum;
4. gera tillögur til stjórnar um breytingar á stefnu um ábyrgar fjárfestingar;

## 3. gr.

### Boðun fundar Fjárfestingaráðs

Fundur telst löglega boðaður ef til hans er boðað með sannanlegum hætti með þriggja daga fyrirvara (viðskiptadagar). Heimilt er að boða til fundar með tölvupósti á tölvupóstfang sem aðilar Fjárfestingaráðs tiltaka.

Óski meðlimur Fjárfestingaráðs eftir að boðað verði til fundar skal boðað til fundar eins fljótt og hægt er.

Fundi Fjárfestingaráðs skal að jafnaði halda hjá rekstraraðila sjóðsins, en ella þar sem formaður ákveður og stýrir hann fundum ráðsins. Heimilt er að meðlimir ráðs taki þátt í fundum símeiðis, ef þeir hafa ekki tæk á að mæta á fundinn.

#### 4. gr.

##### Atkvæðagreiðsla

Fundur eru lögmætur ef meirihluti Fjárfestingaráðs sækir fund sem boðaður hefur verið réttilega. Afl atkvæða ræður úrslitum við afgreiðslu mála. Falli atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns.

Þeir sem kosnir eru í Fjárfestingaráð eru einungis bundnir af sannfæringu sinni. Fjárfestingaráði ber að yfirfara þau gögn og upplýsingar sem lagðar eru fyrir það, kalla eftir frekari gögnum eftir þörfum, og komast að niðurstöðu sem það telur rétta fyrir félagið. Framkvæmdastjóra sjóðsins og eignastýringaraðila ber að leggja fyrir Fjárfestingaráð þau gögn og upplýsingar sem nauðsynleg eru til að Fjárfestingaráð geti fjallað faglega um þau mál sem taka þarf ákvörðun um.

#### 5. gr.

##### Hæfi

Meðlimir Fjárfestingaráðs skulu ekki taka þátt í meðferð máls er varðar viðskipti þeirra sjálfra, lögaðila sem þeir eiga hlut í, sitja í stjórn hjá, eru fyrrisvarsmenn fyrir eða eiga að öðru leyti verulegra hagsmuna að gæta í. Sama gildir um þátttöku þeirra í meðferð máls er varðar aðila sem eru þeim nátengdir, persónulega eða fjárhagslega. Skal við mat á hæfi höfð hliðsjón af reglum stjórnáráðs um sérstakt hæfi. Meðlimir Fjárfestingaráðs skulu þá þegar þeim er ljóst að þeir kunna að vera vanhæfir við meðferð einstakra mála upplýsa um það og segja sig frá málsmeðferð varðandi málið. Þeir skulu ekki fá aðgang að neinum gögnum er málið varðar. Þeir skulu víkja af fundi á meðan mál sem þeir eru vanhæfir til þátttöku í eru tekin til umræðu.

Áður en mál er kynnt fyrir Fjárfestingaráði skal kannað hvort mögulegir hagsmunaárekstrar eru til staðar og ef svo er skulu þeir sem hlut eiga að máli þá þegar segja sig frá frekari umfjöllun um málið og skal það bókað í fundargerðabók sjóðsins. Ef vafi er á því hvort hagsmunaárekstur sé til staðar eða ekki, þá skal vafi túlkaður þannig að viðkomandi taki ekki þátt í meðferð máls.

#### 6. gr.

##### Fundargerðabók

Formaður skal sjá til þess að það sem gerist á fundum sé skráð í fundargerðabók Fjárfestingaráðs. Fundargerðir teljast full sönnun þess sem gerst hefur á fundum Fjárfestingaráðs. Hafi meðlimur Fjárfestingaráðs ekki sótt fund sjálfur eða ekki átt hlut að ákvörðun skal þess getið við undirskrift fundargerðarinnar.

Í fundargerðarbók skal skrá:

- Fundartíma og fundarstað og númer fundar;
- Fundarmenn og hver stýrir honum;
- Dagskrá fundarins;
- Stutta lýsingu á málum á dagskrá fundar þeim fylgiskjölum sem lögð eru fram á fundinum;
- Ákvarðanir Fjárfestingaráðs;

- Hver ritað hafi fundargerðina;
- Lok fundar.

Meðlimum Fjárfestingaráðs er heimilt að fá bókaðar stuttar athugasemdir við fundargerðir.

Fundargerðabókin skal varðveitt í húsakynnum sjóðsins og skal hún vera aðgengileg fyrir meðlimi Fjárfestingaráðs, stjórnarmenn sjóðsins, framkvæmdastjóra sjóðsins, endurskoðanda sjóðsins, áhættustýringu sjóðsins og þá sem annast eignastýringu sjóðsins.

#### **7. gr.**

##### **Upplýsingagjöf**

Fjárfestingaráð getur krafist framkvæmdastjóra og eignastýringaraðila um upplýsingar og gögn sem það metur nauðsynleg til að geta tekið faglega ákvörðun um þau málefni sem Fjárfestingaráði ber að fjalla um.

Allar beiðnir um gagnaöflun samkvæmt þessari grein og svör við slíkum fyrirspurnum skulu kynnt Fjárfestingaráðinu öllu (nema einstakir aðilar séu vanhæfir til umfjöllunar viðkomandi máls), bóka skal slíkar fyrirspurnir og svör við þeim í fundargerðabók Fjárfestingaráðs.

#### **8. gr.**

##### **Þagnar- og trúnaðarskylda**

Meðlimir Fjárfestingaráðs eru bundnir þagnarskyldu um málefni sjóðsins og félaga sem fjárfest er í og önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skal fara samkvæmt samþykktum sjóðsins, lögum, samningum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af störfum í félaginu.

Meðlimir Fjárfestingaráðs skuldbinda sig til að hagnýta sér hvorki í eigin þágu né annarra utan sjóðsins, vitneskju eða hugmyndir, sem þeir fá aðgang að í störfum sínum fyrir félagið. Gildi það bæði um trúnaðarupplýsingar frá utanaðkomandi aðilum og innanhúsupplýsingar sem þeim eru látnar í té. Þeir sem sitja í Fjárfestingaráði skulu varðveita öll gögn með tryggum hætti sem þeir fá afhent vegna starfa í Fjárfestingaráði.

#### **9. gr.**

##### **Breytingar á starfsreglum Fjárfestingaráðs**

Ef gera á breytingar á starfsreglum þessum skulu slíkar breytingatillögur lagðar fyrir stjórn Íslenska lífeyrissjóðsins til samþykktar.

Þannig samþykkt á stjórnarfundum Íslenska lífeyrissjóðsins

Reykjavík, 30. apríl 2020.